

## Árshlutauppgjör Byggðastofnunar 30. júní 2007

	30.6.2007	31.12.2006	30.6.2006	31.12.2005	30.6.2005
	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Vaxtatekjur	461.350	1.101.048	622.449	995.256	551.522
Vaxtagjöld	375.214	1.063.030	671.730	854.798	367.468
Hreinar vaxtatekjur	86.136	38.018	-49.281	140.458	184.054
Rekstrartekjur	80.239	704.935	699.583	404.461	194.730
Hreinar rekstrartekjur	166.375	742.953	650.302	544.919	378.784
Rekstrargjöld	162.357	732.850	456.289	817.112	418.908
<b>Hagnaður (-tap)</b>	<b>4.018</b>	<b>10.103</b>	<b>194.013</b>	<b>-272.193</b>	<b>-40.124</b>
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og niðurfært hlutfé	-30.148	311.524	247.160	340.635	168.778
<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>30.6.2007</b>	<b>31.12.2006</b>	<b>30.6.2006</b>	<b>31.12.2005</b>	<b>30.6.2005</b>
<b>Eignir</b>					
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	934.489	1.330.946	1.702.393	1.196.834	2.996.974
Útlán	8.938.508	9.476.108	9.631.160	9.019.762	10.036.207
Eignahlutir í félögum	1.463.571	1.324.381	1.435.190	1.377.409	1.381.317
Aðrar eignir	59.167	73.562	69.525	144.651	108.353
<b>Eignir samtals</b>	<b>11.395.735</b>	<b>12.204.997</b>	<b>12.838.268</b>	<b>11.738.656</b>	<b>14.522.851</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
Lántökur	10.261.133	11.028.031	11.500.872	10.611.091	11.555.124
Aðrar skuldir	78.691	111.469	96.335	80.941	1.055.471
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	0	13.605	5.259	4.835	638.397
<b>Skuldir samtals</b>	<b>10.339.824</b>	<b>11.153.105</b>	<b>11.602.466</b>	<b>10.696.867</b>	<b>13.248.992</b>
Eigið fé	1.055.910	1.051.892	1.235.802	1.041.789	1.273.858
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>11.395.734</b>	<b>12.204.997</b>	<b>12.838.268</b>	<b>11.738.656</b>	<b>14.522.850</b>
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	403.489	426.300	460.027	398.912	304.950
<b>Sjóðstreymi</b>	<b>30.6.2007</b>	<b>2006</b>	<b>30.6.2006</b>	<b>2005</b>	<b>30.6.2005</b>
Hreint veltufé frá rekstri	261.159	76.331	290.887	916.191	531.398
Fjárfestingarhreyfingar	-278.312	372.378	493.110	-293.263	795.960
Fjármögnunarhreyfingar	-379.303	-314.597	-278.438	-2.046.619	-950.909
Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé	-396.456	134.112	505.559	-1.423.691	376.449
Handbært fé í ársbyrjun	1.330.946	1.196.834	1.196.834	2.620.525	2.620.525
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>934.490</b>	<b>1.330.946</b>	<b>1.702.393</b>	<b>1.196.834</b>	<b>2.996.974</b>
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	9,03%	8,91%	8,91%	8,20%	8,96%

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Byggðastofnun fylgist einnig með þróun byggðar í landinu og vinnur að byggðaáætlun í samvinnu við Iðnaðarráðherra.

Byggðastofnun er með skrifstofu sína á Sauðárkróki. Í lok tímabilsins störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni.

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir janúar til júní 2007 var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 17. ágúst 2007.

Hagnaður tímabilsins nam 4.018 þús. kr.

Hreinar vaxtatekjur námu 86.136 þús. kr. miðað við neikvæðar vaxtatekjur upp á 49.281 þús. kr. á sama tímabili 2006. Rekstrartekjur námu 166.375 þús. kr. og rekstrargjöld að meðtölum framlögum í afskriftarreikning útlána og niðurfærsla hlutafjár nam 162.357 þús. kr. Framlög í afskriftarreikning útlána og niðurfært hlutafé voru neikvæðar um 30.148 þús. kr. Hagnaður tímabilsins nam því 4.018 þús. kr. miðað við 194.013 þús. kr. hagnað á sama tíma 2006.

Eigið fé Byggðastofnunar nam 1.055.910 þús. kr. eða 9,26% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall stofnunarinnar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 9,03%. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eigið fé lánastofnunar á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svara 8% af áhættugrunni.

Varanlegir rekstrarfjármunir Byggðastofnunar voru 5,36% af eigin fé.

Eignir Byggðastofnunar í lok júní 2007 námu 11.395.734 þús. kr., þar af námu útlán 8.938.508 þús. kr. og hafa lækkað um 537.600 þús. kr. frá lok árs 2006. Skuldir Byggðastofnunar námu 10.339.824 þús. kr. og hafa hækkað um 813.282 þús. kr. frá lok árs 2006.

Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings voru um áramótin 403.489 þús. kr.

1. ágúst sl. tilkynnti Iðnaðarráðherra að ríkissjóður muni yfirtaka 1.200 mkr. af skuldum stofnunarinnar, og hún fái 200 mkr. á næstu tveimur árum í samkeppnissjóð sem yrði notaður til eflingar nýsköpunar á landsbyggðinni. Þetta er gert til að Byggðastofnun geti betur stutt við fyrirtæki í sjávarútvegi sem munu eiga í vandræðum vegna 30% niðurskurðar í þorskveiðum. Áætlað er að afléttingin skuldanna verði afgreidd frá Alþingi í fjárukalögum í haust og muni koma til framkvæmda í lok ársins. Mun þessi aðgerð styrkja efnahag stofnunarinnar til muna og tvöfalda eigið fé hennar.